

Menningar,- íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), hér eftir nefnt verkkaupi og **Keflavík, íþróttá- og ungmennafélag,** hér eftir nefnt verksali gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um rekstur íþróttá- og leikjanámskeiða í Reykjanesbæ sumarið 2006.

1.grein:

Markmið námskeiðanna er að kynna börnum og unglingum sem flestar íþróttagreinar og helstu reglur þeirra, rétta líkamsbeitingu og þjálfunaræfingar. Leggja skal áherslu á íþróttamannslega framkomu og að efla jafnframt félagslegan þroska þátttakenda. Eftirlitsaðili með samningi þessum eru starfsmenn skrifstofu MÍT sviðs. Verksali skilar skýrslu til MÍT að loknum námskeiðunum um framkvæmd námskeiðanna og þátttöku í þeim í síðasta lagi **15.september 2006.**

2. grein:

Verksali tekur að sér að reka íþróttá- og leikjanámskeið fyrir verkkaupa á tímabilinu júní-ágúst 2006. Hver leiðbeinandi skal ekki hafa fleiri en 25 nemendur í senn. Æskilegt er, að á meðal leiðbeinenda verði menntaður íþróttakennari eða aðili með sambærilega menntun.

3. grein:

Verksali greiðir ekki fyrir afnot af íþróttamannvirkjum og hefur afnot af íþróttááhöldum í samráði við forstöðumenn íþróttahúsa. Afnot af þeim íþróttasvæðum sem eru í umsjón knattspyrnudeildar skulu vera í samráði við eftirlitsaðila. Allan annan kostnað við námskeiðin greiðir verksali. Aðstoð til verksala á vegum Vinnuskóla Reykjanesbæjar skal gjaldfærð sem styrkur til verksala. Öll slík aðstoð skal vera í fullu samráði við umsjónarmann Vinnuskólann.

4. grein:

Verksali innheimtir og hirðir öll þáttökugjöld.

5. grein:

Fyrir samning þennan greiðir verkkaupi kr. **950.000.-** (nínu hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Greiðslufyrirkomulag skal vera í samráði við fjármálastjóra bæjarins og áður en lokagreiðsla fer fram, skal verksali vera skuldlaus við bæjarsjóð.

6. grein:

Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjanes.

7. grein:

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Gjört í Reykjanesbæ _____ 2006

f.h. MÍT

f.h. Keflavík